

EFTIRLITSSKÝRSLA

Terra umhverfispjónusta hf. Rangárvöllum, Akureyri



Dags eftirlits	11.9.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Kjartan Guðmundsson
Fyrirtæki	Terra umhverfispjónusta hf.	Eftirlitsmaður	Kjartan Guðmundsson
Heimili	Rangárvöllum	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4102830494	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Helgi Pálsson	ÍSAT nr.	38.22.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	539772,657 576067,283

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlitið komu fram fjögur frávik frá starfsleyfi sem lúta að skilum á ársyfirliti, skilum á grænu bókhaldi, framkvæmd vöktunarmælinga og skráningu reglulegs viðhalds og eftirlits með mengunarvarnabúnaði. Ein ábending er sett fram varðandi þörf á að styrkja verklag um skipulag og rekjanleika mælinga, skýrslugerðar og eftirlitsferla.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit í spilliefnamóttöku Terra umhverfispjónustu hf. í samræmi við 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Staða frá síðasta eftirliti
- Áhættumat
- Skil samkvæmt starfsleyfi
- Vöktunarmælingar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni, skipulag og skoðunarferð

1. Staða frá síðasta eftirliti

Engin opin frávik eru útistandandi frá fyrri eftirlitum. Við eftirlit árið 2023 komu þó fram frávik vegna seinna skila á ársyfirliti og grænu bókhaldi auk þess að vöktunarmælingar höfðu ekki verið framkvæmdar. Sömu frávik eru nú staðfest árið 2025, þ.e. varðandi skil á ársyfirliti og grænu bókhaldi og að vöktunarmælingar hafi ekki farið fram árið 2024. Terra þarf að fara vel yfir verklag og tryggja að þessar kröfur starfsleyfis séu virtar þannig að endurtekning frávika verði ekki.

2. Áhættumat

Áhættamat fyrir árið 2025 var yfirfarið í samræmi við 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og uppfært miðað við stöðu mála að þessu eftirliti loknu.

3. Skil samkvæmt starfsleyfi

Ársyfirliti fyrir árið 2024 hefur ekki verið skilað og telst það frávik frá gr. 5.4 í starfsleyfi. Grænu bókhald fyrir árið 2024 var skilað seint þann 12. September 2025, sem er frávik frá gr. 5.5 í starfsleyfi.

4. Vöktunarmælingar

Engar vöktunarmælingar voru framkvæmdar árið 2024, sem er frávik frá gr. 5.2 í starfsleyfi. Samkvæmt skilmálum ber rekstraraðila að vakta frárennslisvatn að lágmarki einu sinni á ári við úttak olíuskilju og fyrir hverja tæmingu safnþróar ef grunur leikur á mengun.

Þar sem engar mælingar lágu fyrir árið 2024 er ekki hægt að staðfesta hvort þessum mörkum hafi verið fylgt. Mikilvægt er að bæta verklag og tryggja reglubundnar mælingar. Þann 13. október 2025 bárust mælingar fyrir árið 2025; allar mælingar voru innan losunarmarka starfsleyfis. Þetta er þó ein punktmæling og endurspeglar ekki endilega árleg meðalgildi eða sveiflur yfir tíma.

5. Áætlanir og viðbrögð

Rekstraraðili er með ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar sem tekur til mengunartjóns og telst hún fullnægjandi samkvæmt starfsleyfi. Rekstraraðili hefur jafnframt sent inn viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa sem metin er fullnægjandi og gildir hún fyrir allar starfstöðvar Terra þar sem kveðið er á um viðbúnað og viðbrögð við neyðarástandi. Rekstraraðili er með vottun samkvæmt ISO 14001 og ISO 9001 sem styður við skipulagt verklag og stöðugar umbætur.

Samkvæmt starfsleyfi ber rekstraraðila að hafa skráðar verklagsreglur um viðhald og eftirlit með

mengunarvarnarbúnaði. Eftirlitið á að vera reglubundið og skráð þannig að hægt sé að sýna fram á að það hafi farið fram. Við yfirferð kom í ljós að slíkt verklag er ekki til staðar í skráðu formi sem er frávik frá gr. 2.8 í starfsleyfi.

Við yfirferð kom jafnframt fram að Terra styðst við símaforrit fyrir starfsmenn til að halda utan um verklýsingar, öryggisleiðbeiningar og skráningar.

6. Umgengni, skipulag og skoðunarferð

Við skoðunarferð á rekstrarsvæði Terra á Rangárvöllum kom fram að aðstaða er almennt vel skipulögð. Rekstraraðili safnar spilliefnum víðsvegar af Norðurlandi og undirbýr þau til flutnings til Reykjavíkur. Verklag við meðferð spilliefna var gott og ekki tillit til athugasemda

Frávik frá

Lýsing á fráviki

gr. 5.4	Ársyfirliti fyrir árið 2024 var skilað seint og barst 29. október 2025. Fráviki er lokið.
gr. 5.5	Umhverfisupplýsingum (grænu bókhaldi) fyrir árið 2024 var skilað seint og barst 12. september 2025. Fráviki er lokið.
gr. 5.2	Engar vöktunarmælingar voru framkvæmdar árið 2024. Mælingar bárust 13. október 2025 fyrir árið 2025 og allar mælingar voru innan losunarmarka starfsleyfis. Fráviki er lokið
gr 2.8	Ekkert skráð verklag um reglubundið viðhald og eftirlit með mengunarvarnarbúnaði. Verklag rekstraraðila barst 29. október 2025. Fráviki er lokið.

ÁBENDINGAR

Ein ábending er sett fram um að lögð sé áhersla á að Terra komi sér upp skýru og samræmdu verklagi sem tryggir reglulega og rekjanlega framkvæmd í eftirfarandi atriðum:

1. Skil á ársyfirliti og umhverfisupplýsingum (grænu bókhaldi) árlega.
2. Reglubundið viðhald og eftirlit með mengunarvarnabúnaði, svo sem sand- og olíuskiljum og söfnunarþró.
3. Sýnatöku og vöktunarmælingar á frárennslisvatni samkvæmt starfsleyfi.

Reykjavík, 05.11.2025

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Kjartan Guðmundsson

